



Fundargerð stjórnarfundar haldinn fimmtudaginn 4. apríl 2013, kl 9.30. Fundurinn er fjarfundur haldinn með aðstoð netforrits. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

1. Fundargerð 13. mars 2013

Staðfest fundargerð stjórnarfundar 13. mars 2013.

2. 58. Fjórðungsþing Vestfirðinga.

Samþykkt að boða til 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga, þann 30. og 31. ágúst 2013. Fundarstaður er Félagsheimilið Árnes, í Árneshreppi. Auk dagskrár samkvæmt samþykktum sambandsins verði unnið að stefnumörkun í málefnum vestfirskra samfélaga undir yfirskriftinni “Vestfirðir til framtíðar”. Framkvæmdastjóra falið að boða til þingsins með drögum að dagskrá í samræmi við umræðu og hefja annan undirbúning.

Mættur til fundar endurskoðandi FV, Guðmundur E Kjartansson.

3. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2012

Lögð fram drög að ársreikningi FV fyrir árið 2012. Endurskoðandi fór yfir niðurstöðu rekstar, efnahags og sjóðstreymis og skýringar með ársreikningi og skýrslu endurskoðanda. Rætt um efni ársreiknings og samþykkt að vinna nánar með efnisatriði í skýrslu stjórnar og sundurliðun verkefna eftir deildum. Samþykkt að vísa endanlegri afgreiðslu ársreiknings til næsta fundar.

4. Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fyrir árið 2012

Lögð fram drög að ársreikningi BsVest fyrir árið 2012. Endurskoðandi fór yfir niðurstöðu rekstar, efnahags og sjóðstreymis og skýringar með ársreikningi og skýrslu endurskoðanda. Rætt um efni ársreiknings og formaður gerði tillögu um að hann verði samþykktur og vísað til afgreiðslu ársfundar. Tillagan samþykkt og stjórn, framkvæmdastjóri og endurskoðandi munu staðfesta þá ákvörðun með undirritun sinni.

5. Fjárhagsáætlun FV, endurskoðun 2013

Framkvæmdastjóri kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 í ljósi breyttra forsenda frá 57. Fjórðungsþingi Vestfirðinga. Vísaði framkvæmdastjóri til nýrra samninga um sóknaráætlun landshluta 2013 og verkefnum henni tengd, sameiningu menningarráðs og FV og nú fyrirhugað samstarf um markaðsmál ferðaþjónustu. Áætlaðar rekstartekjur eru nú áætlaðar um 49,2 mkr og verkefnatekjur um 147,1 mkr. Áætluð rekstargjöld nema 49 mkr og áætluð verkefnaútgjöld 146,4 mkr. Rekstarniðurstaða er því áætluð um 1,8 mkr. Stjórn ræddi forsendur áætlunarinnar og kom með ábendingar varðandi rekstarþætti.

6. Verkefni sóknaráætlunar Vestfjarða og samþætting við verkefni FV .

- a. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og verkefnastjóra FV um upphaf verkefnisins Vestfjarðaklasi. Í tillögu að sóknaráætlun landshluta var gert ráð fyrir að verkefnisstjóri Markaðsstofu Vestfjarða myndi leiða vinnu að þessu verkefni. Nýr verkefnastjóri Markaðsstofu hefur ekki verið ráðinn og gert er að tillögu að Díanu Jóhannsdóttir, verkefnastjóri FV hafi umsjón með verkefninu í samráði við



þriggja manna starfshóp, með fulltrúum Atvest, FV og NMÍ. Tillagan samþykkt og samþykkt að Friðbjörg Matthíasdóttir verði fulltrúi FV í hópnum.

- b. Í tillögu sóknaráætlunar er gert ráð fyrir 5 mkr framlagi til stofn og rekstarstyrkja menningarstofnana. Menningarráð óskar eftir afstöðu stjórnar FV um áherslur með þessa viðbótarfjármuni. Stjórn samþykkir að framangreind fjárhæð komi til viðbótar því fjármagni sem ætlað er til þessa verkefnis, sem er 11,4 mkr en verði því 16,4 mkr. Markmið með viðbótarfjármunum verði varið til að efla metnaðarfull verkefni viðkomandi stofnana, en Menningarráð vinni málið að öðru leyti eftir sínum vinnureglum.

7. Málefni BsVest

- a. Fundargerð verkefnahóps 27. mars 2013.

Efni fundargerðar verkefnahóps kynnt en þar er gefin er umsögn um umsækjendur um stöðu verkefnastjóra BsVest. Stjórn frestar að taka afstöðu til umsagnar verkefnahóps og felur framkvæmdastjóra að afla álits frá skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

- b. Fundargerð samráðsfundar stjórnar BsVest með sveitarfélögum, 26. febrúar 2013.

Efni fundargerðar kynnt. Stjórn staðfestir samþykktir fundarins í 3., 4. og 5 lið fundargerðar er varðar viðmið um hlutdeild FV af rekstri BsVest, um ráðgjafa og stjórnunarkostnað og að hefja undirbúning að endurskoðun á skiptingu stjórnunar og ráðgjafarkostnaðar.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir staðfestingu á viðmiði umsýslukostnaðar, umsýslukostnaður 2013 verði 3 % af rekstrarframlagi hvers félagsþjónustusvæðis. Tillagan samþykkt.

- c. Starfsreglur um stuðningsfjölskyldur

Lagðar fram starfsreglur um stuðningsfjölskyldur, reglurnar hafa verið til umfjöllunar verkefnahóps og í sveitarfélögum er standa að BsVest. Stjórn samþykkir starfsreglur og staðfestir með undirritun sinni. Reglurnar verða auglýstar í Stjórnartíðindum.

8. Önnur mál

Rætt um hugsanlegar breytingar á starfsemi þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytis á Ísafirði. Framkvæmdastjóra og formanni falið að kanna efni máls.

Rætt um að breyta og auka efni ársskýrslu FV vegna ársins 2012.

Rætt um kynnisferð til Noregs með vísan til fundar 1. febrúar s.l., framkvæmdastjóra falið að ræða við Íslandsstofu.

Stjórn lýsir ánægju með framkvæmd þessa fyrsta fundar með aðstoð netforrits (Microsoft Link) og þá möguleika sem það gefur til að funda á Vestfjörðum, með tilliti til samgangna og veðurs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.00